

1899

Fimmtudaginn 6. október 1994.

Nr. 331/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Geir Viðari Vilhjálmsyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Ökuréttarsvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákærvalds verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar 1994. Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd og honum gerð enn frekari svipting ökuréttar.

Við meðferð málsins fyrir Hæstarétti var þess meðal annars krafist af hálfu ákærða, að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Var því borið við, að ákærða hefði ekki verið gefið færi á að hafa uppi á vitnum til stuðnings sýknukröfu sinni samkvæmt 2. lið ákæru, en ákærði hélt sjálfur uppi vörnum í héraði.

Við þingfestingu málsins í héraðsdómi 21. desember 1993 var aðalmeðferð þess ákveðin 28. sama mánaðar. Ákærði var viðstaddur þinghaldið og fékk gögn málsins í hendur. Var bókað í þinghaldinu, að ákærði myndi hafa samband við sækjanda, ef hann óskaði eftir að fá fyrir dóm fleiri vitni en tilgreind voru í gögnum málsins. Það gerði hann fyrst í varnarræðu sinni við flutning málsins. Hann lagði ekki fram ósk um yfirheyrslu vitna, á meðan á áfrýjun máls þessa stóð. Með vísan til þessa verður ekki fallist á kröfu ákærða um ómerkingu héraðsdóms og heimvísun málsins.

Fallist er á sakarmat og refsingu ákærða í hinum áfrýjaða dómi með skírskotun til forsendna hans. Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. og 1. og 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. gr. og 26. gr. laga nr.

1900

44/1993. Ber með vísan til 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um sviptingu ökuréttar hans. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Geir Viðar Vilhjálmsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. desember 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 30. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 786/1993: Ákærvaldið gegn Geir Viðari Vilhjálmssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 13. desember sl., á hendur ákærða, Geir Viðari Vilhjálmssyni, Bergstaðastræti 11 B í Reykjavík, kt. 120142-3219.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að aka undir áhrifum áfengis bifreiðinni HN-558 svo sem hér er rakið:

1. Aðfaranótt föstudagsins 27. nóvember 1993 (sic) austur Sæbraut í Reykjavík, uns lögregla stöðvaði aksturinn skammt austan Snorrabrautar.

2. Að kvöldi þriðjudagsins 15. júní 1993 vestur Skeiðarvog í Reykjavík og á bifreiðina RS-133, sem beygt var í veg fyrir hann. Síðan ók ákærði á brott af vettvangi að Landspítalanum við Hringbraut.

3. Miðvikudaginn 6. október 1993 frá Þingvöllum áleiðis til Reykjavíkur, uns lögregla stöðvaði aksturinn á Þingvallavegi við Laxnes í Mosfellsdal.

Liður 1 telst varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., og liður 2 við 1. mgr. 10. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., og liður 3 við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr., sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993“.

Með skýlausum játningum ákærða, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um ölvunarakstur þann, sem frá greinir í 1. og 3. lið ákæru og þar er rétt færður til refsíákvæða, en magn alkóhóls í blóði ákærða mældist í fyrra skiptið 1,31‰

og í hið síðara 1,95%. Fyrst greindi atburðurinn átti sér stað 1992, en ekki 1993, eins og misritast hefur í ákæru. Þetta skiptir þó ekki máli um sök ákærða, sbr. 1. tl. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Ákærði kannast hins vegar ekki við að hafa verið ökumaður bifreiðarinnar HN-558 hinn 15. júní sl., þegar atburður sá á að hafa orðið, sem frá greinir í 2. lið ákæru. Verða málavextir nú raktir varðandi þennan lið ákæru.

Þriðjudaginn 15. júní sl. klukkan 21.06 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um árekstur bifreiðanna HN-558 og RS-133 á Skeiðarvogi við Langholtsveg, en fyrrgreindu bifreiðinni hafði verið ekið vestur Skeiðarvog og síðarnefnda bifreiðin verið við gatnamótin með sömu akstursstefnu, en ökumaðurinn hafði hugsað sér að taka U-beygju austur Skeiðarvog.

Það fylgdi tilkynningunni um áreksturinn, að ökumaður bifreiðarinnar HN-558 hefði horfið af vettvangi og að bæði hann og farþegi hans hefðu verið ölvaðir. Tilkynnt var um brotthvarfið, og fóru allar tiltækar lögreglubifreiðar að leita bifreiðarinnar HN-558, en einnig var tilkynnt, hver væri skráður eigandi hennar og hvar hann ætti heima, en skráður eigandi var ákærði, Geir Viðar Vilhjálmsson, sem var handtekinn klukkan 22.05 um kvöldið á veitingastaðnum 22 að Laugavegi 22 í Reykjavík og færður á lögreglustöðina til yfirheyrslu. Ákærði upplýsti strax, að bifreiðin væri á bifreiðastæði að sunnanverðu við Landspítalann, en ekki vildi hann segja, hver hefði verið ökumaður hennar.

Ákærði var næst færður á slysadeild Borgarspítalans til töku á blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 1,66%. Eftir blóðtökuna var ákærði færður að nýju á lögreglustöðina fyrir varðstjóra og upplýsti nú, að ökumaður bifreiðarinnar hefði verið Ármann og að hann ætti að vera á deild 33 A á Landspítalanum. Ákærði var síðan færður í fangageymslu vegna rannsóknar málsins.

Skemmdir á bifreiðunum voru þær, að hægra framhorn var skemmt á bifreið ákærða, en á hinni bifreiðinni voru skemmdir á vinstra horni höggvara, vinstra afturbretti, vinstri afturhurð og vinstri framhurð.

Samkvæmt upplýsingum frá deild 33 A á Landspítalanum var skráður þar sjúklingur að nafni Ármann, en hann var fjarverandi án leyfis og hafði farið út um miðjan dag 15. júní, en hringt um kvöldið og sagst koma að morgni næsta dags.

Umræddur Ármann reyndist vera Hauksson, og var hann yfirheyrður næsta morgun ásamt ákærða. Verður nú gerð grein fyrir framburði þeirra þá og við meðferð málsins svo og framburði vitna.

Ákærði kveðst hafa hitt Ármann í borginni 15. júní sl., líklega á Hverfisgötu, en ákærði kveðst hafa verið búinn að drekka nokkra bjóra, og kveðst hann því hafa beðið Ármann að aka bifreið sinni fyrir sig, en áður spurði ákærði Ármann, hvort hann væri ekki í lagi til að aka, og játaði hann því. Var fyrst ekið vestur í bæ og síðan farið austur í bæ, en á Skeiðarvogi við mót Langholtsvegur var bifreið ekið í veg fyrir bifreið ákærða með þeim afleiðingum, að Ármann ók utan í hlið hennar. Fóru þeir Ármann út úr bifreiðinni, ákærði á undan, og ræddi hann stuttlega við hinn ökumanninn, en settist svo inn í bifreiðina aftur, en Ármann fór út og ræddi einnig við ökumanninn. Ákærði kveðst hafa verið töluvert ölvaður í þetta skipti og einnig þreyttur. Eftir að Ármann hafði rætt við hinn ökumanninn, fór hann upp í bifreiðina og færði hana til, en síðan ók hann með þá báða á brott og að Landspítalanum. Þar lagði hann bifreiðinni, og héldu þeir síðan gangandi niður á Laugaveg, en urðu þar viðskila. Ákærði kveðst ekki hafa orðið þess var, að Ármann væri undir áhrifum áfengis. Ákærði var handtekinn á veitingastað að Laugavegi 22 um klukkustund síðar, og hafði hann þá drukkið eina bjórkollu, eftir að þeir fóru úr bifreiðinni.

Vitnið Ármann Hauksson, Laugavegi 28 C í Reykjavík, kveðst hafa hitt ákærða síðla umræddan dag í Lækjargötu, og fékk ákærði vitnið til þess að aka bifreiðinni fyrir sig. Telur vitnið, að það hafi tekið að sér aksturinn vegna þess, að ákærði var undir áhrifum áfengis. Óku þeir um borgina, og á áðurgreindum stað var bifreiðinni RS-133 ekið í veg fyrir vitnið, sem gat ekki afstýrt árekstri. Eftir áreksturinn ók vitnið bifreiðinni inn á Langholtsveg og stöðvaði hana þar. Var vitnið þá búið að ræða við hinn ökumanninn, en ekki man það, hvort það ræddi við hann, eftir að það var búið að leggja bifreiðinni, en henni ók vitnið á brott og lagði við Landspítalann. Vitnið kveðst hafa ekið á brott, þar sem það hafi verið í „panik“ eftir áreksturinn.

Vitnið Baldur Ólafsson, Njörvasundi 21 í Reykjavík, var ökumaður bifreiðarinnar RS-133 umrætt sinn. Vitnið fór út úr bifreið sinni eftir áreksturinn og ræddi lítillega við ökumann hinnar bifreiðarinnar, en eftir það fór vitnið inn í verslun til að hringja á lögreglu. En þegar það kom til baka út úr versluninni, sá það hina bifreiðina fara inn á Langholtsveg, stöðvast þar og hverfa síðan á brott. Fór vitnið þá aftur inn í verslunina og tilkynnti lögreglu númer bifreiðarinnar. Vitnið segir, að ökumaðurinn hafi verið æstur eftir áreksturinn og kallað til vitnisins, hvað það hefði verið að gera. Þá virtist farþeginn einnig æstur, en hann kom einnig út úr bifreiðinni. Virtust vitninu báðir mennirnir annarlegir, bæði í tali og framkomu, en það kom ekki svo nálægt þeim, að það geti fullyrt, að þeir hafi verið undir áhrifum áfengis.

Vitnið sér í dóminum ákærða og Ármann Hauksson og segir, að það sé næstum öruggt um, að ákærði hafi verið ökumaðurinn, en Ármann farþeginn. Telur vitnið sig hafa borið áreiðanlega um málið, enda þótt liðnir séu 6 mánuðir frá atburðinum.

Vitnið Sigríður Gunnarsdóttir, Heiðarási 14 í Reykjavík, kveðst hafa ekið bifreið sinni umrætt sinn vestur Skeiðarvog, og þegar vitnið var að koma að gatnamótum Langholtsveg, stóð við gatnamótin fólksbifreið með kerru, og var hún á vinstri akrein með hægri hjól yfir akreinalínu götunnar. Þegar vitnið átti mjög skammt ófarið að gatnamótum, fór bifreiðin með kerruna af stað rólega áleiðis í vinstri beygju suður Langholtsveg. Í sama mund var bifreið ekið á mikilli ferð eftir vinstri akrein fram úr bifreið vitnisins, og var hraðinn svo mikill, að ekki hefði tekist að stöðva bifreiðina við gatnamótin, þótt stöðvunarskylda væri við þau. Nauðhemlaði ökumaðurinn, en ekki tókst honum að koma í veg fyrir árekstur.

Vitnið sá ekki, hver kom undan stýri bifreiðarinnar, sem kom aðvífandi, né sá það, hver kom út úr bifreiðinni farþega megin. Vitnið segir, að ákærði hafi komið fram á staðnum eins og sá, sem ætti hlut að árekstrinum. Var vitnið ekki í neinum vafa á vettvangi, að ákærði væri ökumaðurinn, enda þótt það sæi hann ekki koma undan stýri bifreiðarinnar, því að vitnið var að færa sína bifreið í burtu, þegar það gerðist. Vitnið fann mikla áfengislykt á staðnum og segir þann, sem vitnið áleit farþega ákærða, hafa verið mikið drukkin. Vitnið fann einnig áfengislykt af ákærða, þegar farþeginn gekk frá, en vitnið segir, að ákærði hafi ekki verið áberandi drukkin og ekki slagað, en það hafi farþeginn gert. Vitnið sá aðeins aftan á bifreiðina, sem ákærði var í, þegar henni var ekið á brott, en ekki sá það, hver var þá undir stýri.

Vitninu datt ekki í hug á staðnum, að farþeginn hefði ekið bifreiðinni, svo drukkin sem hann var, og auk þess segir vitnið, að ákærði hafi einn haft orð fyrir þeim, og af því hafi það dregið þá ályktun, að hann væri ökumaðurinn.

Vitnið Valdimar Sveinsson, Laufengi 86 í Reykjavík, kveðst umrætt sinn hafa verið á þáverandi heimili sínu í húsinu nr. 147 við Skeiðarvog, en það er á norðausturhorni móta Skeiðarvogs og Langholtsveg. Vitnið heyrði hávaðann frá árekstrinum og fór þá út á svalir, en það telur, að þær séu um 30 metra frá árekstursstað. Voru ökumennirnir þá enn inni í bifreiðunum. Ökumaður fremri bifreiðarinnar, sem ekið hafði verið á, kom fyrr út úr bifreið sinni og síðan farþeginn úr hinni bifreiðinni, og ræddu þeir eitthvað saman. Síðan var bifreiðinni beygt til hægri inn á Langholtsveg og lagt fyrir framan hús vitnisins. Fóru þá bæði ökumaðurinn og farþeginn að huga að

skemmdum á bifreiðinni. Síðan fóru þeir að ræða við hinn ökumanninn. Fljótlega eftir þetta óku umræddur ökumaður og farþegi hans á brott, og ók farþeginn nú bifreiðinni.

Vitnið kannaðist bæði við ökumanninn og farþegann, og var það ákærði, sem ók, þegar áreksturinn varð, en farþeginn heiti Ármann og hefði verið gestur í Borgarvirki, þar sem vitnið hefði starfað.

Vitnið er ekki alveg öruggt um, hvort Ármann sat inni í bifreiðinni, þegar henni var ekið fyrir hornið eftir áreksturinn, eða hvort hann gekk þessa leið.

Vitnið Svana Margrét Símónardóttir, Laufengi 86 í Reykjavík, kveðst hafa verið statt umrætt sinn á þáverandi heimili sínu að Skeiðarvogi 147 og fór ásamt eiginmanni sínum út á svalir, þegar þau heyrðu hávaðann af árekstrinum. Þegar vitnið kom á eftir manni sínum út á svalirnar, sá það ökumanninn stíga út úr bifreiðinni fyrir framan hús þeirra hjóna, og full-yrðir vitnið, að það hafi verið ákærði, sem steig út úr sæti ökumanns. Er vitnið ekki í neinum vafa um þetta, en vitnið sér ákærða í dóminum. Vitnið fór út til að tala við ökumann hinnar bifreiðarinnar og sá þá bifreiðinni með ákærða og farþega hans ekið á brott og sá ekki betur en þeir hefðu haft sætaskipti og að nú æki farþeginn.

Ákærði hefur við flutning málsins farið fram á, að verði ekki orðið við sýknukröfu sinni vegna 2. liðar ákærunnar, verði dómsuppsögu frestað, svo að sér gefist tækifæri til þess að hafa uppi á vitnum til stuðnings sýknukröfu sinni. Dómurinn telur ekki ástæðu til þess að verða við þessari ósk með hliðsjón af því, sem fram er komið í málinu.

Þrátt fyrir neitun ákærða og framburð vitnisins Ármanns, sem var með ákærða umrætt sinn, er sannað með afdráttarlausum framburði vitnanna Valdimars og Svönu Margrétar, sem er studdur verulega með framburði vitnisins Baldurs og fær einnig stuðning í framburði vitnisins Sigríðar, að ákærði hefur ekið bifreiðinni HN-558 15. júní sl., þegar áreksturinn varð. Hins vegar er ósannað vegna framburðar ákærða og vitnanna Valdimars og Svönu Margrétar, að ákærði hafi ekið bifreiðinni á brott að Landspítalanum. Verður hann því sýknaður af þeim akstri. Þá er sannað með framburði ákærða sjálfs, sem studdur er niðurstöðu alkóhólrannsóknar, að ákærði hefur verið undir áhrifum áfengis umrætt sinn. Hins vegar verður ekki byggt að öllu leyti á niðurstöðu alkóhólrannsóknar um magn alkóhóls í blóði ákærða við aksturinn í þetta skipti vegna þess framburðar ákærða, sem óhrakinn er, að hann hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Varðar ölvunar-akstur ákærða í þetta skipti því við 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Þar sem þeirri háttsemi ákærða að hverfa af vettvangi án þess að gera viðeigandi

ráðstafanir vegna árekstursins er ekki lýst í verknaðarlýsingu ákæru, ber að sýkna ákærða af broti á 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga.

Ákærði gekkst á árunum frá 1960 til 1962 þrisvar með dómsátt undir að greiða sektir fyrir brot á umferðarlögum, og árið 1979 gekkst hann með dómsátt undir að greiða sekt fyrir ölvunarakstur og sætti jafnframt sviptingu ökuleyfis í 12 mánuði. Síðast gekkst ákærði með dómsátt undir að greiða sekt árið 1989, og var það fyrir ölvun. Öðrum refsingum hefur ákærði ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Ákærða verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin 80.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 20 daga.

Þá hefur ákærði unnið sér til sviptingar ökuréttar, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökurétti í 20 mánuði frá 20. nóvember 1993, en þann dag var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 20.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, en ákærði varði sig sjálfur.

Sturla Þórðarson, yfirlögfræðingur hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, sótti málið af hálfu ákæruvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Geir Viðar Vilhjálmsson, greiði 80.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 20 mánuði frá 20. nóvember 1993 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 20.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.